



56. Körfuknattleiksþing | 15. mars 2025

Pingskjal nr. 02 – reglugerð um körfuknattleiksmót 18. grein

18. grein

ÚRVALSDEILD KARLA

Keppni úrvalsdeildar fer fram í tveimur hlutum; deildarkeppni og úrslitakeppni. Fyrstu drög að leikjaniðurröðun skulu liggja fyrir eigi síðar en í lok júní. Mótanefnd skal gefa út leiktíma fyrir 1. júlí ár hvert, annarsvegar á virkum dögum og hinsvegar um helgar. Mótanefnd er þó heimilt að víkja frá þessu vegna beinna sjónvarpsútsendinga.

a) Deildarkeppni

Úrvalsdeildin skal skipuð 12 liðum. Leikin skal tvöföld umferð þar sem allir mæta öllum. Þegar leikin hefur verið tvöföld umferð skal skipta deildinni upp í A deild, sem er skipuð sex efstu liðunum, og B deild sem er skipuð sex neðstu liðunum. Innan hvorrar deildar skal leikin tvöföld umferð, sem leika tvöfatda umferð innbyrðis, þ.e.a.s. hvert lið leikur heima og að heiman gegn hverju hinna. Lið raðast í lokastöðu deildarinnar samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað.

Liðið í efsta sæti að lokinni keppninni hlýtur sæmdarheitið deildarmeistari og skal fá afhentan eignabíkar.

Tvö neðstu lið úrvalsdeildar að lokinn deildarkeppni falla í 1. deild og leika þar á næstu leiktíð.

Að lokinni deildarkeppni hefst úrslitakeppni með þátttöku liðanna í átta efstu sætum deildarinnar.

[...]

Greinargerð: Tillagan gerir ráð fyrir því að leiknir verða 32 leikir yfir tímabilið.

Körfuknattleiksdeild Stjórnunnar

Umsögn mótanefndar KKÍ

Mótanefnd vekur athygli á því að þessari breytingu fylgir aukin vinna fyrir þá sem koma að mótahaldi úrvalsdeildar karla. Þessi breyting þýðir að íþróttahús þeirra 12 félaga sem leika í úrvalsdeild karla verða tekin frá í öllum umferðum 23-32 af mótanefnd, til að tryggja að til séu leiktímar í íþróttahúsunum þegar kemur að því að skipta deildinni upp í A og B deild. Það verður þá á ábyrgð þeirra félaga sem eru í viðkomandi deild að gæta þess að þessir leiktímar séu fráteknir og lausir fyrir leiki þegar kemur að skiptingu í A og B deild.

Við viljum einnig benda á viljayfirlýsingu sem öll félög í úrvalsdeild kvenna skrifuðu undir fyrir þetta keppnistímabil. Þar sem félögin óskuðu eftir að breyta fyrirkomulaginu og fækka leikjum úr 26 niður í 22 leiki sem var samþykkt af KKÍ. m.a kom fram í rökum félaganna:

Vísað til:	<input type="checkbox"/> Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/> Fjárhagsnefndar	<input type="checkbox"/> Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt:	<input type="checkbox"/> Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/> Samþykkt með breytingum	<input type="checkbox"/> Felld



56. Körfuknattleiksþing | 15. mars 2025

Þingskjal nr. 02 – reglugerð um körfuknattleiksmót 18. grein

- Minnka kostnað
- Auka gildi þessara 22 leikja
- Lítil spenna í seinni umferð
- Minnka álag á sjálfboðaliðanum

Sjá má drög að keppnisdagatali miðað við 33 umferðir í þingskjali nr.8

Vísað til:	<input type="checkbox"/>	Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/>	Fjárhagsnefndar	<input type="checkbox"/>	Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt:	<input type="checkbox"/>	Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt með breytingum	<input type="checkbox"/>	Felld